

Fimmtudaginn 23. janúar 1997.

Nr. 187/1996.

Runólfur Oddsson

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

Hundahald. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1996. Hann krefst þess, að ákvarðanir borgarráðs Reykjavíkur frá 18. október 1994 og 11. apríl 1995 um að afturkalla leyfi áfrýjanda til hundahalds í Reykjavík verði dæmdar ógildar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt hinum áfrýjaða dómi og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var málið flutt um formhlið þess, þegar það kom til munnlegs flutnings 20. þessa mánaðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal eru kaupsamningur 21. desember 1995 og afsal 11. júlí 1996 milli Byggingarsjóðs ríkisins og áfrýjanda, þar sem hinn síðarnefndi verður eigandi að einbýlishúsinu nr. 4 við Undraland í Reykjavík. Jafnframt eru lagðar fram umsóknir áfrýjanda 19. júní 1996 um leyfi til að halda tvo hunda að Undralandi 4 og bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til hans 8. ágúst 1996, þar sem fram kemur, að borgarráð hafi samþykkt umsóknirnar 6. sama mánaðar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti staðfesti lögmaður áfrýjanda, að áfrýjandi byggi í Undralandi 4 og héldi hunda sína þar. Lögmaðurinn hefur hins vegar lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hagstofu Íslands 16. janúar 1997 um það, að áfrýjandi eigi lögheimili að Ála-kvísl 126. Hann heldur því fram, að áfrýjandi hyggist selja einbýlishúsið Undraland 4 eftir endurbætur á því og flytjast að nýju í fyrra aðsetur. Um þetta nýtur engra gagna í málinu.

Áfrýjandi fékk fasteignina Undraland 4 afhenta við gerð kaup-samnings 21. desember 1995. Fyrir liggur, að hann hefur nú fasta bú-setu í þessu húsi. Engin viðhlítandi skýring hefur verið gefin á því, hvers vegna áfrýjandi hefur ekki flutt lögheimili sitt að Undralandi 4, sbr. 1. og 4. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Áfrýjandi hefur fengið leyfi til að halda tvo hunda á þessu heimili sínu, en samkvæmt a-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989 er leyfi bundið við nafn og heimilisfang. Annar þessara hunda er sá, sem borgarráð Reykjavíkur afturkallaði leyfi fyrir 11. apríl 1995.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að áfrýjandi hefur fengið leyfi stefnda til að halda hunda á heimili sínu í Reykjavík. Hann þykir ekki lengur hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið með dómi í þessu máli, hvort afturköllun fyrra leyfis til hundahalds að Álakvísl 126 hafi verið ólögmat. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Runólfur Oddsson, greiði stefnda, Reykjavíkurborg, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 18. júlí 1995, og dómtekið 26. f. m.

Stefnandi er Runólfur Oddsson, kt. 290656-4519, Álakvísl 126, Reykjavík.

Stefndi er borgarstjóri fyrir hönd Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, vegna borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ákvarðanir borgarráðs Reykjavíkur frá 18. október 1994 og 11. apríl 1995 um að afturkalla leyfi stefnanda til hundahalds í Reykjavík verði dæmdar ógildar og stefnda gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

— — —

8. Í 1. kafla dómsins er getið nokkurra ákvæða samþykktar um hundahald í Reykjavík og lagaheimilda fyrir henni.

Í Reykjavík er bann við hundahaldi meginregla. Á þeim, sem hljóta undanþágu frá banninu, hvíla ríkar skyldur gagnvart samborgurum sínum, og reynir einkum á þær af hálfu þeirra, sem eiga heima í fjöleignarhúsum. Af gögnum málsins er leitt í ljós, að stefnandi hefur brotið gegn skilyrðum samkvæmt g-lið 2. gr. samþykktarinnar og að afturköllun á leyfi stefnanda til hundahalds hafi verið reist á því. Eigi er fallist á málsástæðu stefnanda, sem lýtur að broti gegn 8. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Friðhelgi einkalífs og heimilis sérhvers manns verður ekki talin njóta verndar nema að því marki, að eigi sé brotið gegn réttindum annarra til hinna sömu gæða, sbr. 2. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.

Afturköllun á leyfi (undanþágu frá banni) stefnanda til hundahalds er ekki reist á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur 18. október 1994. Að fenginni álitsgerð borgarlögmans um, að ákvæða stjórnarsýslulaga hefði ekki verið gætt við afturköllun leyfisins, var þegar í stað samþykkt í borgarráði að fresta framkvæmd afturköllunar ótímabundið. Það sætir ekki ágreiningi, að framangreind ákvörðun hafi verið ólögmæt. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 ber því að vísa frá dómi af sjálfsdáðum kröfu stefnanda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 18. október 1994, enda þykir hann eigi hafa lögvarða hagsmuni af, að um hana verði dæmt.

Eftir að horfið var frá þeirri afturköllun leyfis, sem koma skyldi til framkvæmda 14. nóvember 1994, tók við ný málsmeðferð, sem samrýmist stjórnarsýslulögum nr. 37/1992, sbr. einkum IV. kafla um andmælarétt. Um þetta er vísað til 4. kafla dómsins. Stefnandi nýtti rétt sinn til andmæla, honum voru veittar upplýsingar, eftir því sem efni verða talin hafa verið til, og því er ekki haldið fram, að honum hafi verið meinaður aðgangur að gögnum. Ákvörðun um afturköllun leyfis stefnanda til hundahalds var tekin með samþykkt borgarráðs 11. apríl 1995 án mótatkvæða, og fram kom við málflutning, að úrslit atkvæðagreiðslu hefðu verið hin sömu við endanlega afgreiðslu borgarstjórnar. Ákvörðunin þykir hafa verið rökstudd á fullnægjandi hátt samkvæmt 22. gr. stjórnarsýslulaga. Stefnandi, sem kveður ákvörðunina órökstudda, átti þess kost að krefjast rökstuðnings samkvæmt 1. og 3. mgr. 21. gr. stjórnarsýslulaga. Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af kröfu stefnanda um, að ákvörðunin verði dæmd ógild.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 200.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi.

Stefndi, Reykjavíkurborg, er sýknaður af kröfu stefnanda, Runólfs

Oddssonar, að ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 11. apríl 1995 um að afturkalla leyfi stefnanda til hundahalds í Reykjavík verði dæmd ógild.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað.
